



Stjórnarfundur FFM 17. Okt 2012 - Fundargerð

Staður og stund: Myllubakkaskóli, kl. 19:30.

Mætt voru:

Gunnar Ellert Geirsson formaður, Berglind Ósk Sigurðardóttir, Guðrún Heiða Guðmundsdóttir, Jóhanna Árnadóttir, gjaldkeri og Þórey Óladóttir.

Eftirfarandi atriði voru rædd

Árgangafulltrúar:

Fulltrúa vantar í 4. bekk - Þórey mun senda okkur nöfn þeirra og Gunnar mun uppfæra listann. Gunnar mun svo senda tölvupóst á allan hópinn og boða til fundar með stjórn FFM, árgangafulltrúum og skólastjórnendum. Markmið fundarins er m.a. að koma árgangafulltrúum í startholurnar með "hitting" foreldra og barna. Ákveðið var að halda fundinn í Myllubakkaskóla mánudaginn **5. Nóvember, kl. 17:30**.

Jólafondur:

Ákveðið var að hafa jólafondrið Laugardaginn **1. Desember, kl. 11-13**. Gunnar sér um að minna fólk á þetta í gegnum Mentor a.m.k. 2var - í samstarfi við Ellu Kötu. Berglind talar við Ölmú, athugar með salinn, pylsusölu og annað sem tilheyrir.

Jólagjafir fyrir jólin:

Í ljósi þess að fyrirkomulag jólagjafa (síðasta dag fyrir jólafri) í nokkrum bekkjum hefur reynst vel var ákveðið að leggja til að þetta fyrirkomulag verði tekið upp í 1-7 bekk og árgangafulltrúar upplýstir um það á ofangreindum fundi. Jólagjafir yrðu þá keyptar í heildsölu fyrir lágmarksupphæð.

Bekkjarráðsfulltrúar:

Þórey sendir ósk á Ellu Kötu um að koma lista yfir bekkjarráðsfulltrúa á FFGÍR.

Atriði frá FFGÍR fundi:

Spurningum um forfallakennslu var varpað fram - þ.e. eru forfallkennarar til staðar og þá fyrir hvaða aldur?

Fyrstu-hjálpar námskeið stendur til boða hjá starfsmönnum Brunavarna Suðurnesja. Ákveðið var að kanna hvort slíkt námskeið ætti erindi við nemendur og starfsfólk Myllubakkaskóla.

Fundargerð Aðalfundar:

Fundargerð Aðalfundar var samþykkt.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 20:45

Fundargerð ritaði Gunnar Ellert.